



Reykjavík, 26. nóvember 2021
Fundargerð 232. stjórnarfundar SHS
40. fundur framkvæmdaráðs AHS

Tilvísun: 2101002

Föstudaginn 26. nóvember var haldinn 232. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., sem jafnframt var 40. fundur framkvæmdaráðs AHS. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 08:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Undir málefnum framkvæmdaráðs almannavarnanefndar sátu fundinn Ásgeir Þór Ásgeirsson, yfirlögregluþjónn hjá LRH, og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins.

Undir málefnum SHS, 1. lið, sátu fundinn Hallur Símonarson, innri endurskoðandi SHS, og Ingunn Ólafsdóttir frá Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

Málefni framkvæmdaráðs AHS

1. Núverandi staða á COVID

Farið yfir stöðu mála á höfuðborgarsvæðinu vegna yfirstandandi bylgju COVID-19 og ráðstafanir vegna þess.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Samræming á HBS - Reglugerðir vegna COVID

Farið yfir nýjustu reglugerðina vegna COVID-19 og samræmingu verkefna á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við hana.

Eftirfarandi lagt fram:

- Reglugerð 1266 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, dags. 13. nóvember 2021.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Staðan í leik- og grunnskólum

Rætt um stöðuna í leik- og grunnskólum þar sem smitum hefur fjölgað mikið í yngstu aldurshópnum. Almannaþingardeild RLS óskaði eftir að Covid þjónustuver AHS sinni aðstoð við sveitarfélögin á landsvísu og mun borga kostnað að ráðningu þriggja starfsmann til viðbótar til þess að þjónustuverið geti annað því.

Afgreiðsla: Kynning.

4. Bólusetningar og bólusetningarbíll

SHS og LRH aðstoða heilsugæsluna við örvunarbólusetningar í Laugardalshöll og leitað var til SHS um aðstoð vegna starfrækslu bólusetningarbíls, sem starfsmenn SHS standsettu með hraði og er komin í umferð.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Önnur mál FAHS

Engin önnur mál.

Kl. 08:30. Ásgeir Þór og Þóra Kristín yfirgefa fundinn.

Málefni SHS

1. 9 mánaða uppgjör

Árshlutareikningur SHS samstæðu vegna tímabilsins 1. janúar – 30. september lagður fram til staðfestingar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Samstæðuárshlutareikningur SHS, dags. 30. september 2021.

Afgreiðsla: Engar athugasemdir gerðar og uppgjórið staðfest með rafrænni undirritun.

2. Samningaviðræður vegna sjúkraflutninga

Gerð grein fyrir stöðu mála í viðræðum við Sjúkratryggingar Íslands vegna samnings um rekstur sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu. Sí hafa óskað eftir viðbótarframlengingu samningsins til nk. janúarloka.

Afgreiðsla: Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frestar ákvörðun um framlengingu á grundvelli þess að fyrir verði að liggja viðræðuáætlun sem byggir á því að samningur til lengri tíma liggja fyrir lok janúar og að samningurinn taki að fullu tillit til kjarasamninga um styttingu vinnuvikunnar.

Kl. 09:05. Hallur Símonarson og Ingunn Ólafsdóttir koma á fundinn.

3. Niðurstöður eftirfylgniúttektar á tekjuferli sjúkraflutninga

Hallur Símonarson og Ingunn Ólafsdóttir frá Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar fóru yfir niðurstöður eftirfylgniúttektar á tekjuferli sjúkraflutninga hjá SHS.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf innri endurskoðunar SHS til stjórnar: Niðurstöður eftirfylgniúttektar - Tekjuferli sjúkraflutninga, dags. 9. nóvember 2021.
- Skýrsla innri endurskoðunar SHS: Tekjuferli sjúkraflutninga – eftirfylgniúttekt, dags. 9. nóvember 2021.
- Bréf endurskoðunarnefndar til stjórnar SHS: Kynning á niðurstöðum eftirfylgniúttektar IER á tekjuferli sjúkraflutninga hjá SHS, dags. 23. nóvember 2021.

Afgreiðsla: Kynning.

Kl. 09:20. Hallur og Ingunn yfirgefa fundinn.

4. Önnur mál SHS

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 09:45.

Næsti fundur er áætlaður 17. desember.

f.h. Reykjavíkurborgar,
Dagur B. Eggertsson

f.h. Kópavogsbæjar,
Ármann Kr. Ólafsson

f.h. Hafnarfjarðar,
Rósa Guðbjartsdóttir

f.h. Garðabæjar,
Gunnar Einarsson

f.h. Mosfellsbæjar,
Haraldur Sverrisson

f.h. Seltjarnarnesbæjar,
Ásgerður Halldórsdóttir

Rafrænar undirritanir eru á öftustu síðu.

Fylgiskjöl:

FAHS:

- Reglugerð 1266 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, dags. 13. nóvember 2021.

SHS:

- Samstæðuárshlutareikningur SHS, dags. 30. september 2021.
- Bréf innri endurskoðunar SHS til stjórnar: Niðurstöður eftirfylgniúttektar - Tekjuferli sjúkraflutninga, dags. 9. nóvember 2021.
- Skýrsla innri endurskoðunar SHS: Tekjuferli sjúkraflutninga – eftirfylgniúttekt, dags. 9. nóvember 2021.
- Bréf endurskoðunarnefndar til stjórnar SHS: Kynning á niðurstöðum eftirfylgniúttektar IER á tekjuferli sjúkraflutninga hjá SHS, dags. 23. nóvember 2021.